

Stjórn nemendafélags Árskóla, fundur 22. nóvember 2021

Mætt: Fannar Orri Pétursson og Una Karen Guðmundsdóttir úr 10. bekk, Sigríður Hrafnhildur Stefánsdóttir (Lilla) og Luka Glisovic úr 9. bekk, Gunnar Bjarki Hrannarsson og Emma Katrín Helgadóttir úr 8. bekk, Ásta Ólöf Jónsdóttir og Kjartan Arnarsson úr 7. bekk og Kristbjörg Kemp, deildarstjóri unglíngastígs, sem stjórnaði fundi og skrifaði fundargerð. Kolbrún Marvía og Ísak Óli, íþróttá- og sundkennarar, komu á fundinn.

Dagskrá fundar:

Íþróttir og sund á unglíngastigi: Kolbrún Marvía og Ísak Óli komu á fundinn til að svara fyrirspurnum nemenda frá síðasta fundi stjórnar nemendafélagsins. Atriðin sem nemendur höfðu óskað eftir að ræða eru þessi:

1. Sundfatnaður. Nemendur spyrja hvort stelpur megi ekki vera í bikini í sundkennslu.
2. Þolpróf í íþróttum. Nemendur myndu vilja að þolpróf væru valkvæð og færa fyrir því rök, s.s. að niðurstöðurnar endurspegli ekki endilega árangurinn þar sem auðvelt sé að eiga við þær, nemendum sem ekki gangi vel sé jafnvel nuddað upp úr því og að þolpróf séu ekki metin til einkunna og áhersla á þau sé óþörf.

Sundfatnaður og sundkennsla:

Í svörum íþróttá-/sundkennaranna kom fram að það er í lagi að vera í topp og buxum (íþróttabikini) í sundtímum. Færð voru rök fyrir því að minni bikini hentuðu ekki í sundkennslu. Íþróttakennarar munu ræða innan síns hóps um viðbrögð við því þegar nemendur mæta ekki í hentugum sundfatnaði. Nokkrar umræður sköpuðust um sundtímana og mætingar í sund. Kolbrún sagði frá því að stefnt væri að því að gera sundtímana fjölbreyttari með t.d. leikjum inn á milli þess sem nemendur synda. Hún sagði að þar sem þetta hefði þegar verið reynt væri ánægja með slíkt og tóku þeir nemendur undir það sem hafa reynt af slíkum sundtímum.

Þolpróf og íþróttakennsla:

Kolbrún og Ísak Óli fóru yfir hæfniviðmið úr Aðalnámskrá Grunnskóla þar sem kemur fram að mikilvægt sé að leggja fyrir nemendur verkefni sem efla líkamlega þætti svo sem þol til að takast á við langtíma álag, líkamsstyrk til að takast á við hámarksátök og kyrrstöðuálag. Með kennslu íþróttagreina og kappleikjum nást mörg markmið í einu bæði líkamleg, félagsleg og andleg. Með því að glíma við ögrandi verkefni lærist að þjálfun og ástundun gefur árangur jafnt í íþróttum sem og öðru námi. Þau sögðu frá því að þolpróf séu metin til einkunna og þær skráðar í Mentor. Einkunnunum fylgir umsögn hvernig gefið er fyrir þolprófið (staðlaður kvarði á netinu, cooper test). Svokölluð “peeptest” eru ekki lögð fyrir í skólanum. Rætt um að eitthvað hefur borið á að nemendur gefi ekki upp rétta niðurstöðu þolprófs og einnig var rætt um að brýna fyrir nemendum að einkunnin sé einkamál hvers og eins. Ísak Óli sagði fundarmönnum frá niðurstöðum rannsóknar þar sem kemur fram að 21% unglínga nái að hreyfa sig í klukkustund á dag sem er viðmið fyrir þennan aldurshóp. Nemendur létu vita að

þeir vildu gjarnan sjá fleiri íþróttatíma á stundatöflunni. Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust á fundinum.

Jóladagskrá á þekju:

Farið yfir helstu þætti jóladagskrárinnar, s.s. friðargönguna og jólakortadaginn.

Önnur mál:

- Óskað er eftir meiri afþreyingu á þekju. Vangaveltur um borðtennisborð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið,
Kristbjörg Kemp.